

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2157*  
*komudagur 8.5.2012*

Ágæta nefndarsvið.

Þegar þingsályktunartillaga um rammaáæltun um verndun og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæð var til umfjöllunar hjá umhverfis- og iðnaðarráðuneytunum sendi ég meðfylgjandi athugasemdir við tillöguna. Þessar athugasemdir voru upphaflega birtar í Morgunblaðinu og sendi ég þær því óbreyttar sem pdf úr blaðinu, þar sem ég tel að þær eigi fullt erindi til nefndar þeirrar sem fjallar um tillöguna.

Ég vil taka fram að réttast væri að standa að upphaflegri tillögunni því með henni náðist sátt, sem erfitt verður að breyta, en með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á henni verði reynt að spyrna við henni fæti.

Með kærri kveðju,  
Gísli Már Gíslason

--

Gisli Mar GISLASON  
Professor of Limnology

Life- and Environmental Sciences,  
University of Iceland  
Askja  
Sturlugata 7  
IS-101 Reykjavik  
Iceland

Tel.: +354 525 4617

Fax: +354 525 4069

E-mail: [gmg@hi.is](mailto:gmg@hi.is)

Web page: <http://www.uni.hi.is/gmg>

Private:

Heiðarsel 6

IS-109 Reykjavik

Iceland

Tel.: +354 557 8422

Mobile: +354 861 5422

Web address: <http://www.uni.hi.is/gmg>

# Loksins, loksins – tillaga að vernd og nýtingu náttúrusvæða

Eftir Gísla Má Gíslason



Gísli Már Gíslason

Kynnt hafa verið drög að þingsályktunartillögu um ramma-áætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Þar er rökstudd framtíðarnýting 69 virkjanakosta og skiptast þeir nokkurn veginn í þrjá jafnstóra flokka, 1) nýtingu til orkuöflunar, 2) biðflokkur sem skoðaður verður betur og 3) náttúruverndarflokk. Flokkunin er vel rökstudd og er ánægulegt að allir í verkefnastjórninni, sérfræðingarnir sem stýrðu fagflokkinum og embættismenn eins og orkumálastjóri, hafa komist að samhljóða niðurstöðu. Eitt þeirra svæða, sem hefur verið deiluefni í 42 ár, Þjórsárver, er loksins sett í verndarflokk. Landsvirkjun hefur haft augastað á Þjórsárverum til orkuöflunar með því að færa þau undir lón síðan 1969, en svæðið tekur til þess svæðis sem heiðargæsin nýtir, þ.e. frá Kjálkaveri í vestri og

austur í Háumýrar (samanber bók Peters Scotts og James Fishers: A thousand Geese, 1953). Náttúruverndarráð náði samkomulagi við Landsvirkjun árið 1981 um að veita austurþverám Þjórsár og upptakakvislum hennar á Sprengjusandi í Þórsvatn og nú framleiðir þetta vatn ásamt Tungnaá um þrefalt

meira rafmagn en fyrstu tillögur Landsvirkjunar gerðu ráð fyrir 1969. Þrátt fyrir samkomulagið hefur verið reynt að þvinga fram frekari veituframkvæmdir í andstöðu við samkomulagið frá 1981. Sem betur fer hafa núna allir fallist á að Þjórsárver vestan Þjórsár fái þann sess í íslenskri náttúru sem þeim ber. Þó eru enn úrtölmenn í hópi þingmanna og fréttastofu Stöðvar 2, sem reyna að sannfæra Íslendinga að nýtt lón í Þjórsárverum snerti þau ekki, með því að setja Þjórsárver annars staðar á kort en þau eru og flytja þau inn fyrir friðlandsmörkin frá 1981, sem náðu ekki utan um þá

» Allir þeir sem koma að náttúruvernd og orkunýtingu munu fagna þingsályktunartillögunni, sem mun leiða til friðar um orkuöflun í framtíðinni.

landfræðilegu og vistfræðilegu heild sem Þjórsárver eru. Allir þeir sem koma að íslenskri náttúruvernd eða nýtingu svæða til orkuöflunar fagna þingsályktunartillögunni, sem hefur verið unnin af fagfólki, bæði þeim sem rannsaka íslenska náttúru og nýtingu hennar og embættismönnum sem hafa unnið að því að setja sem mest land undir orkuframleiðslu. Vonandi fellst alþingi á þessa tillögu og samþykkir hana til að skapa frið um nýtingu náttúrunnar.

Höfundur er prófessor í vatnalíffræði við HI og formaður Þjórsárveranefndar, sem er stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni Þjórsárvera.

# Umræða um rammaáætlun á villugötum

Eftir Gísli Már Gíslason

Í drögum að þingsályktunartillögu um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði eru 69 virkjunarhugmyndir metnar og flokkaðir í þrennt, 1) þær sem koma til greina til orkuframleiðslu (alls 21 vatnsafls- og jarðvarmavirkjun), 2) biðflokkur sem skoðaður verður betur (alls 28 hugmyndir) og 3) verndarflokkur, alls um 13 svæði (þar sem 20 virkjunarhugmyndir voru metnar). Flokkunin er vel rökstudd. Það kemur því á óvart að talsmenn orkufyrirtækja og sumir þingmenn skuli halda því fram að verndarflokkurinn sé allt of stór. Þar genga lengst fulltrúi Samorku, fréttamaður Stöðvar 2 og Jón Gunnarsson þingmaður Sunnlendinga.

Þessi umræða er á villigötum, því ekki er tekið tillit til þess að þegar er búð að reisa 28 vatnsaflsvirkjanir og 6 jarðvarmavirkjanir. Þegar er búið að nýta um helming af hagkvæmri vatnsorku (12,2 TWh), þar af stærstu ár landsins. Eftir að lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi var meira að segja virkjunin í Jökulsá á Dal (Kárahnjúkavirkjun) úrskurðuð með svo mikil umhverfisáhrif að ekki væri verjandi að reisa hana, en umhverfisráðherra sneri úrskurðinum við og felldi niður friðlýsingu Kringilsárrana til þess að Hálslón gæti flætt yfir hann. Nátt-



Gísli Már Gíslason

úrusvæði Kárahnjúkavirkjunar var einnig talið hafa einna mest náttúruverndargildi í 1. áfanga rammaáætlunar.

Einnig eru vatnsaflsvirkjanir á friðlýstum verndarsvæðum, eins og Laxárvirkjanirnar Þrjár og Kvíslaveita í Þjórsárverum, með sín 30 km<sup>2</sup> lón (lítið minna en Mývatn). Þegar er

» Í umræðum um rammaáætlun gleyma virkjanasinnar því að þegar hafa verið reistar 28 vatnsaflsvirkjanir og 6 jarðvarmavirkjanir fram hjá slíkri flokkun.

búið að virkja 4,5 TWh í jarðvarma án þess að þessi svæði væru flokkuð í rammaáætlun eða tekið tillit til þeirra í fyrsta áfanga rammaáætlunar. Því er með réttu hægt að segja að virkjanakostir sem mælt er með í þingsályktunartillögunni ásamt þeim sem búið er að reisa séu 55 á móti 20 í verndarflokki. Þetta ættu þeir sem hafa sig mest í frammi um fjölda verndarsvæða að skoða fyrst áður en þeir fara að bera harma sína á borð landsmanna.

Höfundur er prófessor í vatnalíffræði við líf- og umhverfisfræðideild HÍ.